Greinarkorn ritað í tilefni af ritgerð Ólafs kaupmanns Björnssonar í Morgunblaðinu um fækkun presta á Íslandi. 43.

11 blöð oct. Rithönd ókunn. Ef til vill ritað af séra Árna Þórarinssyni?

# I

Ólafur kaupm. Björnsson skrifaði í Morgunblaðið 1. þ.m. um prestakalla-frumvarp landsins; hafi hann þökk gert, því auk þess að greinin er einkar vel skrifuð er hún öll ~~skrifuð~~ full af áhuga fyrir hinu heil. málefni kirkjunnar. Annars er þetta frumvarp landsins á undarlegum tíma framborið, hálfu ári síðar en Alþingi ~~Árið~~ hafði haft kirkjumál þjóðarinnar til meðferðar eftir ~~skipaðrar nefndar~~ áliti skipaðrar nefndar í því máli. En þessi kirkjumálanefnd hafði leitað álits bæði prófastshéraðsfunda og safnaðarfunda um allt land einmitt um þetta mál, um fækkun prestakalla og fengið mótmæli um fækkun presta og kirkna frá öllum ~~þessum~~ hlutaðeigendum, er nefndin

beindi spurningunni síðuna til í þessu máli. Þetta var Landstjórni kunnugt ~~sem~~ og einnig Alþingi, svo að ~~með~~ samþykkti þingsályktunartillögu Neðri deildar nú ~~á~~ er þjóðinni sýnd hin megnasta fyrirlitning, í því að virða algjörlega vettugi nýlega auglýstan vilja hennar í ~~dýps~~ alvarlegasta máli ~~hennar~~ sínu.

Hvað hafa prestar að gera?

Þetta er leiðinda spurning fram borin leiðinlega oft, en svo er fyrir að þakka að flestir spyrjenda við hann, þeir eru flestir flysjungar.

Illa hugnaðist að þessari spurningu leikmanni einum, er jeg áður nýlega tal við um þessi mál.

Það er svo margt, sem jeg veit ~~t~~ segir hann í rökleiti og mannúðarmálum, er jeg þekki er prestar hafa starfað að öðrum fremur og þrengið leik til hagfelldasta lykta. Veit jeg margar sögur ~~þessu~~ ~~menn~~ er þetta sanna, nefni þó hér þessa.

Prestur einn sem enn er í embætti var staddur á vorfundi með öllum bændum hreppsins. Var prestur þá hreppsnefndaroddviti, og stýrði fundinum. ~~Hann spyr á fundar-~~ ~~inu~~ Síðasta mál fundarins var ~~ómaga~~ ráðstöfun ómaga. Síðast í því máli spyr prestur. Má ~~ba~~ stúlkan X.. vera kyr og með sama meðlagi. (Það voru 100 kr. um árið og barnið 12 ára.) Húsbóndi stúlkunnar svarar því játandi. „Það er best, að bjóða það upp,“ segir einn fundarmanna. „Sjálfsagt“ kvað við hjá flestum.

Vill nokkur taka ~~stúlkuna~~ barnið fyrir minna spyr prestur. Jeg skal taka hana fyrir 10 kr. minna segir einn bóndi. „Vill húsbóndinn ~~hafa~~ ~~barnið fyrir~~ lækka meðlagið um 10 kr.“

# I

Annaðhvort verður upphæðin að hald-ast óbreytt eða barnið verður að fara, segir húsbóndi:

Það er sjálfsagt, að barnið fari," kvað við í fundar-húsi.

„Sýnist ykkur það, að breyta um verustað barns fyrir einar tíu krónur," ~~Þau Sína~~ segir prestur. „Já," þetta er þátöku-fé", var svarað.

„Nei, þetta er ekki þátöku fé". segir prestur, eða viljið þið, að börn ykkar ~~s~~ verði sama sem svift á hverju ári föður og móður, ef þau kæmust í sveit þessa, sem þetta föður- og móðurlausa barn hér. ~~Hv~~

„Hver er að tala um okkar börn"

Jeg er að tala um ykkar börn." segir prestur — og jeg vonti nú líka að þið hverfið frá þessari kröfu. Hér talaði presturinn nokkuð lengur en hér verður sagt frá. Hann svo atkvæði greiddu allir

fundarmenn atkvæði ~~með þv~~ gegn
því, að barnið skyldi kyrt vera.
„~~Nú gerir jeg fundarklögje segir lítið eitt~~"
~~hann~~
Að lokinni atkvæðagreiðslu stendur prestur
upp, biður sam nefndarmenn sína að
tala við ~~þá~~ sig úti. Að því samtali loknu
kemur hann með nefndarmönnum aptur
inn og talar nú til fundarmanna á
þessa leið:
Jeg hefi reynt, að fá samnefndar mína,
að hverfa frá atkvæði sínu hjer áðan, ~~en~~
~~það~~ Síð tilraun varð árangurslaus." ~~Barn~~
Barnið verður að ~~fara~~ flytjast var sagt
af mörgum. Hvíslast var á: Hann ætlar
ekki að láta undan, ~~og ekki prestur~~ hann
skal ekki hafa sitt fram."
Prestur segir:
„Barnið verður ekki flutt." ~~segir prestur~~
„Jeg hefi nú all-lengi setið yfir þessu
máli, en þess þurfti jeg þó ekki, því
að vel vissi jeg það, að stórungur þessa

máls gat jeg verið og þurfti engra ykkar ráða þar til.

Jeg vildi hér líkja eptir manni þeim, er þið hafið vist sama sem aldrei ~~þekkt~~ ~~hafið heyrt~~ hvorki nefndan, því að ~~sú~~ um ykkur á ~~það~~ við: 'Sjándi sjá þeir ekki og heyrandi heyra þeir ekki'. Þessi maður Páll postuli. Hann sendi eitt sinn þræl er strokið hafði frá húsbónda sínum heim til húsbóndans aptur, eptir að ~~þrællinn~~ þessi hafði 4 kristni tekið hjá postulanum. Postulinn biður húsbóndann, að taka á móti honum, þótt hann gæti boðið honum það, svo allt kæmi af frjálsum vilja, en ekki nauðung.

Guð hjálpi ykkur, og láti ykkar svívirðilegu atkvæðagreiðslu hokka ykkur til iðrunar fyrir svo stórt afbrot við hann.

Loks úrskurða jeg, að barnið skuli kyrt vera. Enginn ykkar hefir hugrekkið þess, að kæra mig fyrir þennan minn úrskurð til sýslunefndar. Þar vitið þið ósigur ykkar og auglýsan og sýnið með því, að ~~hvað þið ég~~ ykkar er ljóst, ~~að vernd~~ að tilraun ykkar var sú, að beita miskunnarleysi og níðingslegasta rangláti munaðarlaust barn, er Guð og landslög trúðu ykkur fyrir.

Vonti jeg nú samt, að gleðjist síðar yfir því, að þessi ljóta tilraun ykkar tókst ekki, svo þetta blessað barn þurfi ekki í kvöld, að gráta missi sama sem beggja föður og móður, er ætluðu ekki, að sleppa því ~~fyrir~~ þótt ekkert meðlag hefði greitt verið.

Fundi slitið.

III

1 ~~Það B~~ Prestur annar var og staddur á fundi með öllum bændum sveitarinnar. Hreppurinn hafði fengið loforð fyrir bankaláni, til þess að greiða með því kaupstaðar skuldir ~~á ha~~ um haustið. Skyldu allir bændur hreppsins vera í samábyrgð ~~um~~ á þessu láni. Svo var krafa bankans. En þá átti að semja ábyrgðarskjalið, neituðu hinir efnaðri bændur, að hafa hina fátækari með, kváðu enga ábyrgð í þeim. Þessu mælti prestur harðlega á móti, en fékk því engu þar um þokað. Skjalið var skrifað með nöfnum hinna efnaðri þar á meðal nafni prestsins.

Hinir fátækari bjuggust þungir í skapi til brottferðar. Prestur bendir þeim að bíða eftir sér. ~~Þeir biðu~~ Við það hýrnuðu þeir og skildu, að ~~hann~~ hann ~~a~~ mundi fyrir þeim

greiða.

Prestur lætur hina efnaðri stryka yfir nafn sitt. Og er þeir eru farnir, skrifar hann ~~sjálfur~~ semur hann annað ábyrgðarskjal, þar sem hann sjálfur og hinir fátæku menn voru ábyrgðarmenn og ~~fengu~~ ~~þeir~~ lánið fekkst.

3 Kemur einu sinni megnan ófrið í sveitinni, er hann kendi í þjóðskorti útsvör sín. Þeir rifust á fundum ~~hvor~~ út af kröfum þessum. Öll sveitin logaði af ófriði. Þetta frétti sóknarpresturinn, er ekki var búsettur í þessum hreppi. Bregður hann þegar við, heimsækir þá er í ófriðnum áttu og er hann fór heim eptir um 1½ viku voru allir sáttir heilum sáttum og harla glaðir, yfir lyktum þessara mála.

Annars er það álit mitt af all-langri reynslu, segir sami ~~leikmaður~~ maður, ~~en jeg~~ ~~kenni~~ að langt sé frá því, að kennarar geti ~~kennist~~ jafnt við góðan prest og á sama máli eru allir kristnir hyggnir menn, sem jeg hefi átt um þetta mál ~~vistað við~~ rætt við og sama er að segja um útvarpið. Því dugar það ekki til móts við prest, ~~en hvorki~~ og ekki til guðsþjónustu þótt góð sé. Í byggðarlagi mínu er fólki svo farið, að það telur sér ómögulegt vera, að vera án prestsins. Telur það verndarhring kring um sig að hafa ~~þrjár~~ þrjár sveitir og kirkju í hverri sveit. Aldrei er jeg svo við kirkju, að prestur minn sé ekki önnum kafinn eptir hverja messu, að gegna alls konar erindum manna, er honum er jafnan ánægja að. Og

á milli helgidaga eru ferðir hinar síðustu til hans og telja allir hinar mestu ánægju að koma á hið gestrisna heimili hans og fá skjóta greiðslu á erindum. Aldrei kom jeg svo á heimili hans þó jeg hafi komið þar, að ekki sé ~~oft~~ ~~t~~ eitthvað bjartara í huga mínum er jeg fer frá honum, en þá jeg kom til hans. Tala jeg og hér ~~fyr~~ margra manna mál!"

Jeg veit nú og að margir taki undir þessi orð ~~um~~ er hann talaði við mig ~~þessi~~, sá, er jeg hefi hér látið tala og landsmenn viti. Flestir á hans máli um þessi mál, að prestafækkunar sje ekki óskað framar en nú er.